

## REGLUGERÐ

### um (6.) breytingu á reglugerð nr. 577/2013 um snyrtivörur.

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr.:

- a) Á eftir orðinu „Merkingar“ í fyrirsögn kemur: snyrtivara.
- b) 1. másl. 2. mgr. orðast svo: Notkunarskilyrði og varnarorð skv. dálki i í III., V. og VI. viðauka reglugerðar (EB) nr. 1223/2009 skulu vera á íslensku.

#### 2. gr.

Á eftir 3. gr. reglugerðarinnar komi ný grein, 3. gr. a., er orðast svo:

*Merkingar úðabréusa sem innihalda snyrtivörur.*

Merkingar á úðabréusum sem innihalda snyrtivörur skulu vera á íslensku, ensku eða Norðurlandamáli öðru en finnsku. Merkingar skulu vera áletraðar á úðabréusa þar sem eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram með skýrum, læsilegum og óafmáanlegum stöfum:

a. Allar tegundir innihalds:

- *þrýstihylki: Getur sprungið við upphitun. Haldið frá hitagjöfum, heitum flötum, neistagjöfum, opnum eldi og öðrum íkveikivöldum. Reykingar bannaðar. Hlífið við sólarljósi. Hlífið við hærri hita en 50 °C. Ekki má gata eða brenda hylki jafnvel þótt þau séu tóm.*

b. Úðabréusi með eldfimum efnum, 1. undirflokkur:

- *Úðabréusi með afar eldfimum efnum. Má ekki úða á opinn eld eða annan íkveikjuvald.*
- *Hættumerkið GHS02 eins og það kemur fyrir í V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 sem innleidd er með reglugerð nr. 415/2014.*

c. Úðabréusi með eldfimum efnum, 2. undirflokkur:

- *Úðabréusi með eldfimum efnum. Má ekki úða á opinn eld eða annan íkveikjuvald.*
- *Hættumerkið GHS02 eins og það kemur fyrir í V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 sem innleidd er með reglugerð nr. 415/2014.*

Um úðabréusa gilda að öðru leyti ákvæði reglugerðar nr. 260/2012 um úðabréusa.

#### 3. gr.

Í stað „XIV.“ í 6. gr. kemur: XIII. og XIV.

#### 4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 7. tölul. 11. gr. efnalaga nr. 61/2013 og öðlast gildi 1. júní 2015.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 18. maí 2015.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

*Steinunn Fjóla Sigurðardóttir.*